# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 750/2008 (REACH).

SINDRI

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

*Söluheiti vöru:* **BC-90 Brake & Clutch Cleaner**
*Vörunúmer:* -
*Notkun:* Hreinsiefni fyrir málmhluti.

*Fyrirtæki:* SINDRI, Bæjarhraun 12 Hafnarfjörður, Viðarhöfði 6 Reykjavík, sími 575 0000
www.sindri.is

*Tengiliður:* sindri@sindri.is

*Gerð öryggisblaða:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is
*Útgáfudagsetning:* 11.04.2012

*Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla:* sími 112
*Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík:* sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

*Fólk:* Afar eldfimt. Ertir húð.

*Umhverfi:* Eitrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.







## 3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

| *CAS-nr.:* | *EB-nr.:* | *Efnaheiti:* | *Magn %:* | *Hættuflokkun:* |
|---|---|---|---|---|
| 92045-53-9 | 265-150-3 | Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, létt, arómatsneytt | 40 - 60 | F, Xi, N H11-38-51/53 |
| 106-97-8 | 203-448-7 | Bútan | 30 - 40 | Fx H12 |
| 67-63-0 | 200-661-7 | Ísóprópanól | 10 - 20 | F, Xi H11-36-67 |

***Varnaðarmerkingar - sjá lið 15.*** *Texti hættusetninga - sjá lið 16.*

## 4. Skyndihjálp.

*Áhrif, eitrunareinkenni:* Sjá kafla 11.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið læknis.
*Snerting við húð:* Þvoið strax vel með nægu vatni og sápu. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.
*Snerting við augu:* Skolið vel með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Leitið læknis.
*Við inntöku:* Leitið strax læknis ef tekið hefur verið inn umtalsvert magn.

*Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk:*
-

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

*Slökkviefni/búnaður:* Heppilegt slökkviefni er kolsýra. Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða.

*Notið ekki (efni, búnað):* -

*Hlífðarbúnaður:* Notið viðeigandi öndunartæki við slökkvistörf.

*Sérstök hætta:* Þrýstihylki geta sprungið ef þau hitna yfir 50°C.

## 6. Efnaleki.

*Varúðarráðstafanir:* Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Loftræstið svæðið vel. Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

*Hreinsun:* Notið óvirk ísogsefni til að hreinsa efnið upp og látið í heppileg og merkt ílát til förgunar. Notið ekki vatn eða vatnsblönduð hreinsiefni til hreinsunar.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

*Meðhöndlun:* Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og búið sérstöku afsogi ef kostur er. Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50˚C. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

*Geymsla:* Geymist á köldum og þurrum stað, varið gegn beinu sólarljósi og hita yfir 50°C.

## 8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Olíuþoka, (olíuúði): | (MG) | | 1 $mg/m^3$ |
| Bútan: | (MG) | 500 ppm | 1200 $mg/m^3$ |
| Ísóprópanól: | (MG) | 200 ppm | 490 $mg/m^3$ |

*Tæknilegar aðgerðir:* Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi frá mengunaruppsprettu.

*Persónuhlífar;*

*Öndunartæki:* Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hætta er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Notið viðeigandi öndunartæki við úðun.

*Fyrir augu:* Hlífðargleraugu sem falla vel að.

*Fyrir hendur:* Efnaþolnir hlífðarhanskar. Við val á hlífðarhönskum við vinnu þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. núningi, hita ofl. Veljið gerð hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Skiptið hönskum strax út ef þeir skemmast eða slitna.
Ekki eru til upplýsingar blönduna sjálfa varðandi endingartíma hanska. Gera þarf prófanir á gegndræpi hlífðarhanska fyrir notkun.

*Fyrir húð:* Viðeigandi hlífðarfatnaður.

| | |
|---|---|
| *Hreinlæti við vinnu:* | Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu. Geymið hlífðarfatnað sér. |
| *Umhverfið:* | Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu. |

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

| | |
|---|---|
| *Ástand / útlit / lykt:* | Vökvi í þrýstihylki / tær / einkennandi |
| *Sýrustig (pH):* | - |
| *Suðumark:* | - |
| *Bræðslumark:* | - |
| *Blossamark:* | –60°C |
| *Íkveikimörk:* | 240°C |
| *Hætta á sjálfíkveikju:* | Nei |
| *Sprengimörk; neðri - efri:* | 0,6-8,5% rúmmáls |
| *Gufuþrýstingur:* | - |
| *Rokgjörn lífræn efni (VOC):* | - |
| *Seigja:* | - |
| *Eðlisþyngd:* | 0,69 |
| *Leysni:* | Leysni í vatni er um 20% við 20°C |

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

| | |
|---|---|
| *Stöðugleiki:* | Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður. |
| *Aðstæður sem skal forðast:* | Hiti yfir 50˚C, beint sólarljós, opinn eldur og neistagjafar. |
| *Efni sem skal varast:* | Oxunar- og afoxunarmiðlar. |
| *Hættuleg niðurbrotsefni:* | Engin við venjulegar aðstæður. |

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

| | |
|---|---|
| *Helstu áhrifaleiðir:* | Innöndun, húð, augu. |
| *Áhrif við innöndun:* | Endurtekin eða langvarandi innöndun lífrænna leysiefna getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi. |
| *Í snertingu við húð:* | Ertandi. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |
| *Í snertingu við augu:* | Getur valdið minniháttar ertingu. |
| *Við inntöku:* | - |
| *Bráð eiturhrif:* | - |
| *Áhrif á miðtaugakerfi:* | Endurtekin eða langvarandi innöndun eða snerting við lífræn leysiefni getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi. |
| *Langtímaáhrif:* | Engin ofnæmisáhrif þekkt. |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

| | |
|---|---|
| *Dreifing/afdrif:* | Flýtur á vatni og dreifist á yfirborði. Aðeins lítillega lífbrjótanlegt. |
| *Líffræðileg áhrif:* | Efnið er eitrað fiskum og vatnalífverum og getur haft óæskileg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| *Önnur skaðleg áhrif:* | Jafnvel lítið magn efnisins getur spillt neysluvatni. |
| *Annað:* | - |

## 13. Förgun.

*Förgun vörunnar:* Fargið úrgangi og leifum á öruggann hátt og í samræmi við kröfur á hverjum stað.

*Úrgangsflokkun:* -

*Förgun umbúða:* Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

*Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.*

## 14. Flutningur.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Flutningur á landi:* | ADR flokkur: | 2 | Flokkunarkóði: | 5F gas |
| | SÞ-númer: | 1950 | Pökkunarflokkur: | - |
| | Hættunúmer: | - | Magntakmörkun: | - |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | Gangakóði: | - |
| | Nafn efnis: | AEROSOLS | | |
| *Flutningur á sjó:* | IMDG flokkur: | 2.1 | Pökkunarflokkur: | - |
| | SÞ númer: | 1950 | EmS: | F-D, S-U |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | Sjávarmengandi: | Nei |
| | Nafn efnis: | AEROSOLS | | |
| *Flutningur í lofti:* | IATA flokkur: | 2.1 | Pökkunarflokkur: | - |
| | SÞ númer: | 1950 | | |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | | |
| | Nafn efnis: | AEROSOLS, flammable | | |

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

## 15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

*Varnaðarmerkingar skv. reglugerð nr. 750/2008 (REACH) með síðari breytingum:*






*Varnaðarmerki:* Fx, N

*Inniheldur:* Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, létt, arómatsneytt

*H - setningar:*
H12 Afar eldfimt.
H38 Ertir húð.
H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

*V - setningar:*
V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
V23 Varist innöndun gufu/úða.
V28 Berist efnið á húð skal strax þvo með miklu vatni og sápu.
V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50˚C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

*Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:*

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

## 16. Aðrar upplýsingar.

*Gert þann:* 11.04.2012 *Dagsetning frumrits:* 17.07.2011

*Útgáfa:* 1,0 *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* SINDRI, Bæjarhraun 12 Hafnarfjörður, Viðarhöfði 6 Reykjavík, sími 575 0000 www.sindri.is

*Unnið af:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 3:*

H11 Mjög eldfimt.
H12 Afar eldfimt.
H36 Ertir augu.
H38 Ertir húð.
H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

*Annað:* Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá ACTION CAN Ltd., Haydock, St. Helens, England WA11 9SF.